



Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2010



Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar var suðaustan og sunnanáttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 11.0 stig, 25. janúar. Lágmarkshiti mældist -14.3 stig, 1. og 5. janúar. Meðalhiti var -1.3 stig. Mesta snjódýpt var 63 cm, 1. janúar. Úrkoma var 9.6 mm, mest 2.3 mm 16. janúar. Meðalvindhraði var 3,4 m/sek.

Í febrúar bar mest á norðaustan og suðaustan áttum. Hámarkshiti mældist 7.0 stig, 13. febrúar. Lágmarkshiti mældist -13.3 stig, 5. og 26. febrúar. Meðalhiti var -4.6 stig. Mesta snjódýpt var 76 cm, 24. febrúar. Úrkoma var 115.2 mm, mest 22.2 mm, 16. febrúar. Meðalvindhraði var 2.3 m/sek.

Í mars voru ýmist norðan- og suðaustan áttir og einnig hægviðri. Hámarkshiti mældist 7.9 stig, 8. mars. Lágmarkshiti mældist -12.8 stig, 1. mars. Meðalhiti var -0.5 stig. Mesta snjódýpt var 60 cm, 1. og 2. mars. Úrkoma var 30.9 mm, mest 12.7 mm, 29. mars. Meðalvindhraði var 3.6 m/sek. Svanir sáu 15. mars.

Í apríl voru breytilegar áttir, mest sunnan og suðaustan áttir. Hámarkshiti var 11.3 stig, 10. apríl. Lágmarkshiti var -11.8 stig, 23. apríl. Meðalhiti var -0.1 stig. Mesta snjódýpt var 55 cm, 6. apríl. Úrkoma var 48 mm, mest 21 mm, 3. apríl. Meðalvindhraði var 3.4 m/sek. Svartpröstur sást 4. apríl, skógarpröstur 9. apríl, hrossagaukur og lóa 29. apríl.

Í maí voru breytilegar og norðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti var 17.4 stig, 22. maí. Lágmarkshiti var -6.6 stig, 11. maí. Meðalhiti var 5.5 stig. Snjór mældist í 10 daga í maí, mest 8 cm, 2. maí. Úrkoma var 25.2 mm, mest 9.1 mm, 15. maí. Meðalvindhraði var 2.5 m/sek. Gránaði í fjöll 14. og 15. maí. Tún farin að grænka 15. maí og allgræn 22. maí.

Í júní voru breytilegar áttir og hægviðri. Hámarkshiti var 22.9 stig, 18. júní. Lágmarkshiti var -0.2 stig, 3. júní. Meðalhiti var 10.9 stig. Úrkoma var 3.9 mm, mest 1.7 mm, 24. júní. Meðalvindhraði var 2.8 m/sek. Úthagi algrænn 9. júní. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 25. júní.

Í júlí bar mest á norðaustanátt og hægviðri. Hámarkshiti var 23.3 stig, 25. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var 3.3 stig, 20. júlí. Meðalhiti var 10.9 stig. Úrkoma var 87.7 mm, mest 22.5 mm, 8. júlí. Meðalvindhraði var 2.1 m/sek.

Í ágúst var hægviðri og norðaustanátt tíðust. Hámarkshiti var 19.9 stig, 9. ágúst. Lágmarkshiti var -0.8 stig, 29. ágúst. Meðalhiti var 10.1 stig. Úrkoma var 69.6 mm, mest 15.0 mm, 22. ágúst. Meðalvindhraði var 1.9 m/sek.

Í september var hægviðri, suðaustan- og norðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti var 21.2 stig, 4. september. Lágmarkshiti var -3.8 stig, 23. september. Meðalhiti var 7.5 stig. Úrkoma var 38 mm, mest 34 mm, 15. september. Meðalvindhraði var 2.3 m/sek. Mikið mistur var 7. og 26. september. Úthagi farinn að sölna 12. september.

Í október var hægviðri og breytilegar áttir. Hámarkshiti var 12.6 stig, 1. og 2. október. Lágmarkshiti var -12.9 stig, 25. október. Meðalhiti var 7.5 stig. Úrkoma var 77.3 mm, mest 15.1 mm, 28. október. Snjór mældist á jörðu í 11 daga í október, mest 9 cm, 31. október. Meðalvindhraði var 1.9 m/sek.


Í nóvember var hægviðri og suðaustanátt algengust. Hámarkshiti var 4.7 stig, 19. nóvember. Lágmarkshiti var -12.7 stig, 10. nóvember. Meðalhiti var -3.0 stig. Mesta snjódýpt var 76 cm, 14. nóvember. Úrkoma var 121.2 mm, mest 28.8 mm, 13. nóvember. Meðalvindhraði var 2.0 m/sek.


Í desember var suðaustan átt algengust. Hámarkshiti var 8.5 stig, 10. desember. Lágmarkshiti var -19.4 stig, 23. desember, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti var -3.1 stig. Mesta snjódýpt var 57 cm, 22 desember. Úrkoma var 75.1 mm, mest 26.9 mm, 18. desember. Meðalvindhraði var 3.7 m/sek.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2010

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.
Janúar	-1,3	(-1,3)	9,6 (132,0)
Febrúar	-4,6	(-5,2)	115,2 (36,5)
Mars	-0,5	(-2,0)	61,1 (110,7)
Apríl	-0,1	(-2,3)	60,9 (62,4)
Maí	5,5	(6,1)	25,2 (71,0)
Júní	10,9	(9,4)	3,9 (23,0)
Júlí	10,6	(10,2)	87,7 (30,2)
Ágúst	10,1	(9,0)	69,6 (59,4)
Sept.	7,5	(6,0)	38,0 (61,8)
Okt.	2,7	(1,3)	77,3 (66,3)
Nóv.	-3,0	(-0,5)	121,2 (109,4)
Des.	-3,1	(-2,3)	75,1 (159,6)
	2,90	(2,37)	744,8 (922,3)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2009





1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 9,78 stig en var 8,65 stig sömu mánuði 2009.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

10/5	-4,4	25/5	-4,9	18/6	-0,4
11/5	-7,9	26/5	-3,8	14/9	-0,6
16/5	-0,6	29/5	-1,2	17/9	-2,6
17/5	-0,4	31/5	-0,3	18/9	-3,2
18/5	-1,8	3/6	-1,6	19/9	-3,4
23/5	-1,3	7/6	-1,2	20/9	-0,5
24/5	-1,6	12/6	-0,3		

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

4/6	20,1	24/7	21,3
12/6	20,0	25/7	23,3
14/6	20,7	26/7	20,5
18/6	22,9	4/8	21,2
23/7	20,0		

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á lerki farið að grænka 12. maí. Brum á birki farið að þrútna 13. maí og komið með græna sliktu 26. maí. Lerki algrænt 28. maí og birki allaufgað 4. júní.

Birki farið að sölna 17. ágúst og mikil sölnun 31. ágúst.

2.2. Vöxtur

Vöxtur var góður á öllum trjágróðri þetta ár, sérstaklega var áberandi góður vöxtur á birki.

2.3. Fræfall

Fræfall á birki var ekki mikið og engu safnað. Engum könglum var safnað af furu og greni þó nokkuð væri af þeim.

Úr skógi:

Engu fræi var safnað úr skógi.

Úr fræhúsi:

Birki	Betula pubescens	Vaglafræhús	2480 gr
Evrópu x rússalerki "Hrymur"	Larix decidua x sukaczewii	Vaglafræhús	650 gr
Rússalerki	Larix sukaczewii	Vaglafræhús	350 gr
Rússalerki x japanslerki	Larix sukaczewii x kaempferi	Vaglafræhús	400 gr
Rússa x evrópulerki "Hrymur"	Larix sukaczewii x decidua	Vaglafræhús	400 gr

2.4. Skaðar

Nokkuð bar á ryðsvepp á birki og ösp. Birkifeti var víða í lyngi og fór yfir á trjáplöntur. Barrfellir var áberandi í lerki á Gilá í Vatnsdal. Vart varð við jarðyglu á Silfrastöðum í Skagafirði og maðki á lerki á Hamri í Langadal.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk þetta ár var: Guðni Þ. Arnþórsson, verkstjóri og aðstoðarskógarvörður. Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofu, áætlanagerð, fræumsjón og er gjaldkeri stofnunarinnar. Guðrún Jónsdóttir vann við viðarvinnslu, frærækt, veðurtöku og afgreiðslu á plöntum fyrir Norðurlandsskóga. Teitur Davíðsson vann við skógarhögg, viðarvinnslu og fleira. Kristján Stefánsson hætti á árinu og Kristján Tryggvason kom í hans stað. Sumarstarfsfólk var Svavar Tandri Þorsteinsson, Gunnlaugur Darri Garðarsson og Halldóra Stefanía Birgisdóttir.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 28,393,905, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 9,148,602, ASÍ laun kr. 17,976,354, dagpeningar kr. 840,923, akstur kr. 428,026.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var í meðallagi þetta ár.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 699,857, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 397,756, alls 197 vinnustundir. Verktakar kr. 293,709.

Kostnaður við smölun var kr. 136,000, sem eingöngu voru verktakar.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Unnið var við grisjun og skógarhögg í Sigríðarstaðaskógi, Vaglaskógi og Reykjarhól. Í **Sigríðarstaðaskógi** var grisjað birki og minnkaður skermur í reitum 22,29,39,41 og 42, alls 3,85 ha.

Í **Vaglaskógi** var grisjað birki og tekinn skermur í reitum 89, 296, 328, 251, 252 og meðfram vegum, alls ca 0,5 ha.

Í **Reykjarhól** var grisjuð stafafura, rauðgreni, sitkagreni og lerki ca 1 ha. í reitum 1, 2 og 3 af verktakanum Skógarmenn ehf.

Felldur viður:

Birki	ca	160 m ³
Fura	ca	92 m ³
Lerki	ca	10 m ³
Greni	ca	12 m ³



Grisjun í Reykjarhól

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á þessu ári

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir birki ca 20 kg	2131	pk
Arinviður stórir barr ca 20 kg	825	pk
Arinviður litlir birki ca 10 kg	1	pk
Arinv/eldiviður sag klofinn birki	6	m3
Eldiviður afsag	1	m3
Arinviður/eldiviður alls í tonnum (þurrt) ca	59,26	tonn
Bolviður birki	0,66	m3
Bolviður lerki	0,41	m3
Bolviður fura	66,42	m3
Borð og plankar birki	0,01	m3
Borð og plankar lerki	3,01	m3
Reykingaviður	670	kg
Birkikurl/flís	3325	kg
Plattar	1393	stk
Beðkurl .	49	m3

5.1.3. Birgðir í árslok

Óköntuð borð lerki	40	m	Arinviður stórir barr	845	pk
Óköntuð borð birki	27	m	Arinviður stórir birki	940	pk
Óköntuð borð fura	130	m	Arinviður litlir barr	29	pk
Köntuð borð lerki	202	m	Plattar heflaðir	2400	stk
Birki óunnið ca	27	m3	Plattar óheflaðir	500	stk
Smíðaviður birki	359	m	Birkikurl/flís	900	kg
Staurar 6 fet	515	stk	Beðkurl	8	m3
Staurar 5 fet	90	stk	Birki sagað í grindum	2	m3
			Bök blandað	150	m

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 6,623 og laun og launatengd gjöld kr. 12,681,502 , þar af kjarasamningargjöld s.s. orlof, veikindi og aðrar samningsbundnar kjarabætur kr. 2,520,312 , alls 1,337 vinnustundir. Unnið var við grisjun af verktökum fyrir kr. 975,700.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 9. nóvember, rauðgreni í Þórðarstaðaskógi, síðan eftir þörfum. Felld voru 214 tré og seld 190, önnur fóru til starfsmanna og í úrkast.

	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Sigríðarstaðaskógur	65				65
Skuggabjörg		31			31
Vaglaskógur	10		3	3	16
Vaglir Þelamörk	25	31			56
Þórðarstaðaskógur	46				46
Alls	146	62	3	3	214

Seld tré

Stærð	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
070-100					
101-125	29	6			35
126-150	31	18		1	50
151-175	36	14			50
176-200	19	8	1		28
201-250	16	4			20
251-300	1				1
301-400	3			1	4
401-500	2				2
501-600					0
Alls	137	50	1	2	190

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 442,471 , alls 231 vinnustundir, þar af kr. 25,897 , alls 13 vinnustundir í kjarasamninga.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	680.223		680.223
Greinar	32.060		32.060
Samtals	712.283		712.283

6. GRÓÐRARSTÖÐ

6.1. Fræplöntur

Engu var sáð 2010

6.2. Dreifsetning

Engum græðlingum var stungið 2010.

6.3. Garðplöntur

Engar garðplöntur voru seldar á árinu.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 20.000 sáðplöntur af selju fyrir kr. 200,000.

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár. Illgresi var sprautað í runnasafni, trjásafni og umhverfi gróðrarstöðvar.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöð þetta ár.

6.8. Kostnaður

	Kr.	Tímar
Almennt	10822	6
Umhirða	34999	20,5
Veikindi	23253	14,2
Vetrarumbún	4630	3
Sérst.		
Frídagar	10645	7
Pottun	38254	23
Prikkklun	23206	12,5
Vökvun	3041	2
	148850	88,2

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Hálsmelar	Rússalerki		Fræhús	1999	15	507
	Rússalerki/evrópulerki		Hrymur		426	507
					441	

8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Umhirða gönguleiða	Grundarreitur	153,392	76 tímar
“	Vaglaskógur	222,724	119 tímar
Viðhald gönguleiða	Grundarreitur	7,946	5 tímar
“	Vaglaskógur	39,672	23 tímar
Kjarrsögun	Sigríðarstaðaskógur	93,342	45 tímar
“	Vaglaskógur	41,045	23 tímar

9. BYGGINGAR

Vaglir 2: Grafið frá kjallaratröppum og steypdur nýr veggur. Lagfært vatnsinntak. Keypt var efni í endurnýjun á þaki, járn, pappi, þakrennur og niðurföll og efni í nýtt þakskegg.

Vaglir 1: Lagt var nýtt plastparkett á gólf á efri hæð.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Keypt var bifreiðin DE-563 og ný vetrardekk undir hana.

Keyptar voru 2 nýjar keðjusagir og kvörn vegna fræhreinsunar.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

11/2	Fór á fund með mönnum frá Hestalist um viðarkaup úr Reykjarhólsskógi
17/2	Fór í Reykjarhól í Skagafirði vegna grisjunar verktaka.
23/2	Stjórnarfundur NLS í Varmahlíð.
4/3-5/3	Fór á fund á Egilsstöðum um fjárhagsáætlun.
24/3-26/3	Ráðstefna í Stykkishólmi.
4/5	Fór með vegagerðarmönnum í Grundarreit vegna aðkomuplans.
10/5	Fór í Ásbyrgi á samráðsfundar með þjóðgarðsverði.
17/5	Fór í Reykjarhól vegna kurlunar.
18/5	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
19/5	Fór á fund í Skorradal um grisun.
26/5	Fór í Grundarreit vegna vinnu verktaka á bílastæði.
12/6	Aðalfundur Skf. S-Þingeyinga í Skógum.
11/8	Fór í vettvangsferð með Þresti, Sherry, Gunnlaugi og Rúnari í Ásbyrgi.
19/8	Skógarganga í Grundarreit.
27/8-29/8	Aðalfundur Skf. Íslands á Selfossi.
30/9	Fundur á Mógilsá um viðarsölumál.
1/10	Fór um Suðurland með Þór og Böðvari, vegna skoðunar á vélum til að slá vegkanta.
12/10	Fór með Rúnari í Ásbyrgi til að taka mælipunkta af lóðum.
6/12	Fundur á Mógilsá um Árskóga á næsta ári.
11/12	Stjórnarfundur NLS á Akureyri.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var góður þetta sumar. Leigutaki á tjaldstæðum var Ketill Tryggvason og leigði hann einnig rekstur á verslun af sveitarfélaginu. Um það bil helmingur af tjaldstæðum í Stórarjóðri var sléttaður og þökulagður.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 14,266 sem skiptust þannig: Í júní 3,808 . Í júlí 6,973 . Í ágúst 3,485 .

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 1,536,435.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 472,568 ,alls 241 vinnustundir.

Annar kostnaður var kr. 1,278,537 s.s. túnþökur og þökulagning skv. tilboði, áburður ofl.



Úr Ásbyrgi

12.4. Annað

Rúnar Ísleifsson vann áfram við umhirðu- og nýtingaráætlun fyrir Ásbyrgi og Reykjarhólsskóg.

Gert var bílastæði í Grundarreit sem bætir mjög aðkomu að skóginum. Skógarganga var í Grundarreit 19. ágúst í samvinnu við Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Hópur skógarbænda frá Vestfjörðum kom í heimsókn 4. ágúst.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

Vöglum október 2011

Sigurður Skúlason, skógarvörður